

# Íslenska Þjóðfylkingin (ÍÞ).

## Grunnstefna

ÍÞ vill standa vörð um fullveldi og sjálfstæði Íslands, íslenska þjóðmenningu, tungu og siðinn í landinu. Grunnstefna flokksins er einstaklingsfrelsi, takmörkun ríkisafskipta, gagnsæann sjálfbærann ríkisrekstur (báknið BIRT), beint lýðræði, náttúruvernd, friðsöm og haftalaus millírkja viðskipti. ÍÞ beitir sér ætíð fyrir jafnvægi í byggð landsins, málefnum fjölskyldurnar, heimilanna og smærri fyrirtækja í einkarekstri sem eru hornsteinar samfélagsins. Málefni öryrkja og aldraða eru ætíð í fyrirrúmi og stefnt skal að útrýmingu fátæktar á Íslandi. [thjodfylking@gmail.com](mailto:thjodfylking@gmail.com)

### √ Utanríkismál

ÍÞ styður aðild Íslands að SP, NATO, EFTA og norrænu samstarfi.

ÍÞ vill endurskoðun á EES með tvíhliða viðskiptasamning við ESB í huga sbr. Sviss. EES hentar ekki íslenskum hagsmunum.

ÍÞ hafnar alfarið aðild Íslands að ESB og TISA af pólitískum ástæðum.

ÍÞ vill Ísland úr Schengen strax og vill hert landamæraeftirlit og mjög herta innflytjendalöggjöf.

### √ Innanríkismál

ÍÞ vill stórefla löggæslu, landhelgis - og tollgæslu og auka þátttöku Íslands í eigin vörnum. Varðskipaflotinn verði stórefldur og nýjar þylur keyptar fyrir gæsluna og sótt verði um styrk til þess til mannvirkjasjóðs NATÓ. Þátttaka Íslands í vörnum landsins verði aukin meðal annars með endurreisn Varnarmálastofnunar.

ÍÞ vill almenna skuldaleiðréttingu íbúðalána, upptöku nýrrar myntar (ríkisdal) sem tengd verði USA dollar og afnám verðtryggingar. Tekið verði upp nýtt húsnæðiskerfi að danskri fyrirmynd. Reglur um fjármálaþyrntæki verði stórhertar og einn lífeyrissjóður verði fyrir alla landsmenn. Tekið verði af hörku á spillingu og fjármálamisferli. Bankar fái ekki að búa til peninga (þjóðpeningakerfi). ÍÞ vill hækkan persónuafsláttar í 300 þúsund krónur og að tekjutengingar aldraða og öryrkja verði afnumdar. Landsbanki Íslands verði samfélagsbanki.

ÍÞ styður kristna trú og kristin gildi og viðhorf. Enda nátengd íslenskri þjóðmenningu. Ásatrú fái einnig stuðning af sömu ástæðu. ÍÞ virðir trúfrelsi skv. stjórnarskrá.

ÍÞ vill þjóðaratkvæðagreiðslur að hætti Sviss og stjórnlagadómstól í stjórnarskrá.

ÍÞ styður íslenskan landbúnað og að íslenskir bústofnar verði varðir og varðveittir.

ÍÞ vill endurskoðun fiskveiðistjórnunar frá grunni og stór aukið frelsi í sjávarútvegsmálum. Komið verði á frjálsum strandveiðum strax. Fiskveiðiauðlindin verði sameign þjóðarinnar skv. stjórnarskrá.

ÍÞ vill að núverandi staðsetning innanlandsflugvallar verði til framtíðar.

ÍÞ vill að Landsvirkjun verði ætíð að fullu í eigu þjóðarinnar og ekki verði lagður rafmagns sæstrengur úr landi.

ÍÞ er alfarið á móti að moskur verði reistar á Íslandi eins og þegar er gert í fjölmörgum ríkjum, bann verði lagt við búrkum, umskurði kvenna af trúarlegum ástæðum og skólum íslamista á Íslandi.

ÍÞ hafnar hugmyndinni um fjölmenningu á Íslandi en styður öflugar aðgerðir til aðlögunar þeirra sem setjast hér að.